

1231. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. júní 2022, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. Hæð og í fjarfundi

Mætt á staðfund voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund voru: Jón Steinar Brynjarsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir auk Arnþórs Sigurðssonar varamanns.

Fjarverandi var Harpa Sævarsdóttir.

Gestur fundarins var Aðalsteinn Leifsson ríkissáttasemjari.

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, varaformaður stjórnar, setti fundinn í fjarveru Ragnars Þórs Ingólfssonar formanns og stýrði fundi þar til Ragnar Þór mætti kl. 18:15 og tók hann þá við fundarstjórn.

Dagskrá:

1. Ríkissáttasemjari Aðalsteinn Leifsson kynnir störf ríkissáttasemjara

Aðalsteinn þakkaði fyrir boð á fundinn og fór yfir starfsemi embættisins á glærum.

Aðalsteinn fór yfir lögbundið hlutverk embættisins skv. lögum nr. 80/1938, *Lög um stéttarfélag og vinnudeilur*. Hlutverk embættisins snýr m.a. annars almennum sáttastörfum auk þess að fylgjast með þróun kjaramála og ástandi og horfum í atvinnulífi og vinnumarkaði. Aðalsteinn skýrði frá því að í yfirstandandi lotu kjarasamningaviðræðna, sem hófst mars 2019, væru 326 kjarasamningar sem að kæmu 126 stéttarfélag. Tíu kjaradeilur væru enn hjá embættinu. Hann fjallaði einnig um þróun samningaviðræðna og benti á að í innan við 1% tilfella tæki kjarasamningur við af kjarasamningi en í nágrannalöndum okkar væri það hins vegar meginreglan. Aðalsteinn sagði mikilvægt að breyta þessu og að það væri áhersla embættisins. Meirihluta samninga eða um 60% var vísað til ríkissáttasemjara en alls hafa verið haldnir um eitt þúsund fundir, formlegir og óformlegir, í kjarasamningalotunni frá mars 2019.

Aðalsteinn fór yfir þær áskoranir sem felast í kjarasamningaviðræðum, bæði sem finna má í menningu og verklagi viðræðna og í því kerfi sem hér er við lýði. Hann fór yfir niðurstöður könnunar sem gerð var meðal fulltrúa í samninganefnum um viðhorf og verklag. Undirbúningur skiptir miklu máli til að ná ásættanlegri niðurstöðu sem og samtali og samskipti.

Aðalsteinn leggur áherslu á að fjölga snertingum milli aðila og byggja traust sem byggir á þekkingu. Hann benti á námsstefnur í samningagerð á vegum embættisins um land allt þar sem byggt er á niðurstöðum könnunarinnar.

Aðalsteinn kynnti því næst nýtt verkefni embættisins, kjarasamningar.is, sem er gagngrunnur kjarasamninga á íslenskum vinnumarkaði. Einnig benti hann á að nýr vefur embættisins væri kominn í loftið með miklum upplýsingum fyrir þá sem taka þátt í kjarasamningaviðræðum.

Umræður.

Kynning Aðalsteins, „Ríkissáttasemjari VR júní 2022“, er aðgengileg í máli fundarins í skjalakerfi félagsins.

Að umræðum loknum var Aðalsteini þakkað fyrir kynninguna og yfirgaf hann fundinn kl. 19:40.

Fríða mætti á fundinn kl. 17:40.

Sigríður Lovísa mætti á fundinn kl. 18:00.

2. Fundargerð 1230. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1230. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór fór yfir stöðu kjaramála. Haldinn var fundur í stjórn Landssambands ísl. verzlunarmanna (LÍV) í gær [7. júní 2022] þar sem kröfugerð VR og LÍV var samþykkt og skipuð samninganefnd. Ragnar Þór fer fyrir samninganefnd VR og Eiður Stefánsson, formaður Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni, fer fyrir samninganefnd LÍV en aðilar fara saman í viðræður við Samtök atvinnulífsins (SA) og stjórnvöld. Vinnu við kröfugerð er lokið sem og hefðbundnum ferlum fyrir næstu viðræður. Fram komu athugasemdir frá aðildarfélögum LÍV, m.a. varðandi kröfur á stjórnvöld um heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni sem brugðist verður við. Fyrirhugað er að kynna kröfurnar fyrir SA næstkomandi mánudag. Í framhaldi af því verður sett saman viðræðuáætlun.

Ragnar Þór sagði frá samtali sínu við Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. Hann sagðist meta stemninguna þannig að stjórnvöld geri frekar ráð fyrir aðkomu að kjarasamningum en ekki og það sama eigi við um seðlabankastjóra.

Ragnar Þór fjallaði því næst um verkefni Blæs húsnæðisfélags, skriður væri kominn á það mál, undirbúningur hefjist fyrir sumarfrí. Hann sagði ánægjulegt að verkefnið væri loksins komið af stað.

Því næst ræddi Ragnar Þór þing Alþýðusambandsins í haust. Hann sagði nauðsynlegt að taka umræðu um hvernig VR vilji staðsetja sig varðandi ASÍ næstu tvö árin, samhljómur væri um að breytinga væri þörf þó ekki væri búið að ræða hvers eðlis þær breytingar þyrftu að vera.

Því næst skýrði Ragnar Þór frá fundum sínum með leigufélögnum um hækkanir á leigu sem fregnir hafa borist af. Fjöldmörg dæmi hafi borist honum um hækkanir á leigu langt umfram vísitölu. Eftir erfið samtöl og fundahöld með Almenna leigufélaginu, þar sem komnir væru nýir eigendur, hafi niðurstaðan verið sú að félagið hafi dregið hækkanir til baka að hluta til en ekki að fullu og fryst hækkanir fram að áramótum. Auðveldara hafi verið að ræða við Heimavelli þar sem viðhorf hafi verið í takt við það sem gerist erlendis. Ragnar Þór skýrði frá því að hann hafi rætt málið við forsætisráðherra, skammur tími væri til stefnu til að bregðast við.

Umræður

Svanhildur Ólöf yfirlit fundinn kl. 20:15.

4. Uppgjör VR fyrir jan-mars 2022

Fyrir fundinum lágu skjölín „Lykiltölur jan-mars 2022“ og „Árshlutareikningur VR jan-mars 2022“.

Stefán fór yfir helstu tölur í þriggja mánaða uppgjöri janúar til mars 2022. Í máli hans kom fram að félagsfólki fjölgaði um 5,6% fyrstu þrjú mánuði ársins samanborið við sama tímabil árið áður. Hann kvaðst reikna með áframhaldandi aukningu. Afgreiðslum fjölgaði mikið á sama tímabili og málum á kjaramálasviði fjölgaði umtalsvert og er stigvaxandi aukning þar. Mikil fækkun er á atvinnuleitendum milli ára.

Tekjuaukning Sjúkrasjóðs VR er um 20%, greiðslur sjúkradagpeninga jukust um 16,6% en hlutfall dagpeninga af iðgjöldum lækkaði og er nú 75,65%.

Varðandi árshlutauppgjör sagði Stefán rekstrartekjur nema rúmlega 1,2 ma.kr. sem er um 3% hærra en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstrargjöld eru tæplega 1,2 ma.kr.

Ragnar Þór leggur til að fundur verði framlengdur til kl. 21:00.

Samþykkt

Umræður.

Sigríður Lovísa vék af fundi kl. 20:45.

5. Tillögur að lagabreytingum

Fyrir fundinum lá skjalið „Hugmyndir að lagabreytingum VR 2023“.

Stefán fór yfir tillögur laganefndar að breytingum á lögum félagsins fyrir aðalfund árið 2023.

Laganefnd leggur til þrjár breytingar á lögum félagsins og eru þær eftirfarandi ásamt skýringum:

1. 1. gr. Heiti, starfssvæði

Núverandi hljóðan:

„Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, sveitarfélagsins Voga, Vestmannaeyja, Árnassýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness og nágrennis, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpvogshrepps. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík“

Verði:

„Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, sveitarfélagsins Voga, Vestmannaeyja, Árnassýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness, **Hvalfjarðarsveitar**, Langanesbyggðar,

Vopnafjarðarhrepps, Múlaþings, Fljótsdalshrepps og Fjarðabyggðar. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík“

Skýring:

Lögð er til breyting á félagssvæði félagsins þannig að lögin séu uppfærð miðað við sameiningu sveitarfélaga sem hefur orðið á síðustu árum og í stað Akraness og nágrennis komi Hvalfjarðarsveit. Ekki er um efnisbreytingu að ræða og félagssvæði verður það sama eftir breytingu.

Við sameiningu sveitarfélaga fyrir austan voru sveitarfélögin Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Djúpavogshreppur sameinuð í sveitarfélagið Múlaþing. Því er lagt til að stað eldri sveitarfélaga Fljótsdalshéraðs, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Djúpavogshrepps komi Múlaþing. Breiðdalshreppur sameinaðist Fjarðarbyggð og því er ekki þörf á að tilgreina hann í lögum VR.

Verslunarmannafélag Akraness sameinast VR árið 2002 og við það stækkaði félagssvæði Verslunarmannafélags Reykjavíkur. En félagssvæði Verslunarmannafélags Akraness var skilgreint svona í lögum þess félags:“ Akranesskaupstaður og hrepparnir sunnan Skarðsheiðar frá mörkum Andakílshrepps og Leirár og Melasveitar að norðan og að Botnsá að sunnan.“

Við sameiningu sveitarfélaga sunnan Skarðsheiðar þá varð til Hvalfjarðarsveit sem eru í raun það félagssvæði sem tilgreint var í lögum Verslunarmannafélags Akraness og því er lagt til að í stað „nágrennis“ komi Hvalfjarðarsveit.

2. 3. gr. 4. mgr. – Félagsaðild (eldri félagar)

Núverandi hljóðan:

“Eldri félagsmenn sem fá greiddan ellilífeyri og sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár fyrir töku eftirlauna, við 67 ára aldur, teljast áfram félagsmenn í VR en njóta ekki kjörgengis. Þeir félagsmenn sem kjósa að hefja töku eftirlauna við 65 ára aldur geta viðhaldið réttindum með því að greiða félagsgjald af ellilífeyrisgreiðslum, hjá þeim lífeyrissjóðum sem bjóða milligöngu um að skila félagsgjöldum til stéttarfélaga, til 67 ára aldurs. Þeir skulu hafa verið í félaginu a.m.k. samfellt í 5 ár fyrir töku eftirlauna.”

Verði:

Eldri félagsmenn sem fá greiddan ellilífeyri og sem verið hafa í félaginu a.m.k. 5 ár samfellt fyrir töku eftirlauna teljast áfram félagsmenn í VR en njóta ekki kjörgengis.

Skýring:

Það hefur orðið sú breyting að félagsfólk er að fara fyrr á lífeyri og því þykir rétt að binda ekki við ákveðin aldur hvenær félagsfólk getur orðið eldra félagsfólk með þeim réttindum sem því fylgir. Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur breytt samþykktum sínum þannig að sjóðsfélagar geta hafið töku lífeyris 60 ára. Eins er verið að fella út greiðslu félagsgjalda frá 65 ára til 67 ára af ellilífeyrisgreiðslum þannig að ekki sé greiðsluskylda fyrir ákveðinn aldur. Eftir sem áður ef verið er að taka ellilífeyri og afla launatekna á sama tíma þá er greitt félagsgjald af vinnulaunum sem veitir þá líka rétt til greiðslu sjúkradagpeninga, greiðslu í varasjóð o.fl. en þess réttar njóta eldri félagsmenn ekki við greiðslu ellilífeyris úr lífeyrissjóðum.

3. 12. gr. 8. mgr. Störf stjórnar

Núverandi hljóðan:

“Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Heimilt er að ráða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn og semur um kjör þeirra. Launanefnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra sem síðan þarf samþykki stjórnar VR.”

Verði:

Stjórn skal ráða framkvæmdastjóra og fela honum daglegan rekstur skrifstofu félagsins. Stjórn er ekki er heimilt að ráða formann félagsins sem framkvæmdastjóra þess. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn og semur um kjör þeirra. Launanefnd gerir tillögu að launum og starfskjörum formanns og framkvæmdastjóra sem síðan þarf samþykki stjórnar VR.

Skýring:

Í lögum félagsins í dag er jákvæð heimild að formaður geti jafnframt verið framkvæmdastjóri félagsins. Rétt þykir að setja skýr mörk milli formanns og framkvæmdastjóra þannig að formaður geti ekki jafnframt verið framkvæmdastjóri. Þannig er það á ábyrgð framkvæmdastjóra að sjá um daglegan rekstur á félaginu og allt starfsmannahald. Á meðan hlutverk formanns er að sinna barráttumálum félagsins, marka stefnu, vera fulltrúi og talsmaður félagsins gagnvart aðildarsamtökum, stjórnvöldum og talsmaður félagsins út á við. En hlutverk formanns og framkvæmdastjóra eru nánar tilgreind í starfslýsingum þeirra sem samþykktar eru af stjórn félagsins. Eins er ákveðin festa fólgin í því að ef kemur til formannsskipta þá er framkvæmdastjóri sem sér um að halda allri starfsemi félagsins gangandi þrátt fyrir að nýr formaður komi að félaginu. Ef sami aðili getur verið formaður og framkvæmdastjóri er meiri hætta að formaður sem

framkvæmdastjóri gæti gert viðmiklar breytingar t.d. á mannhaldi án aðkomu stjórnar. Það er eftir sem áður stjórn sem ræður og rekur framkvæmdastjóra félagsins þannig að framkvæmdastjóri þarf að vinna eftir stefnu stjórnar.

4. 10. gr. Stjórn

Núverandi hljóðan:

„Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn. Hverfi stjórnarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir. Stjórnin kýs sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum.“

Verði:

Stjórn félagsins skipa 15 aðalmenn og 3 til vara. Formaður skal kosinn til tveggja ára í senn, meðstjórnendur skulu kosnir 7 í einu til tveggja ára og ganga árlega 7 úr stjórninni á víxl. Varamenn skuli kosnir til eins árs í senn. Hverfi stjórnarmaður frá verslunar-, þjónustu- og skrifstofustörfum, eða tekur að stunda atvinnu, sem fellur undir starfssvið annarra stéttarféлага, skal kjósa mann í hans stað við fyrsta stjórnarkjör á eftir. **Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur.** Stjórnin kýs sér varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum.

Skýring:

Lagt er til að inn í 10. gr. verði bætt við setningu um að stjórn félagsins skuli setja sér starfsreglur. Ekki er um efnisbreytingu að ræða þar sem stjórn félagsins hefur sett sér og haft starfsreglur í mörg ár og er það hluti af góðum stjórnarháttum hjá stjórn félagsins. Rétt þykir að í lögum félagsins sé kveðið skýrt á um að stjórnin ber að setja sér starfsreglur. En í þeim er fjallað með ýtarlegum hætti um störf stjórnar s.s. um boðun funda, ritun fundargerða, vanhæfi stjórnarmanna o.fl.

5. Ný 8. mgr. 12. gr.

Verði:

Stjórnarmenn skulu rækja skyldur sínar af heilindum, hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa sem slík seta krefst og taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig

Skýring:

Lagt er til að inn í lögin komi fram grunnskyldur stjórnarmanna en um slíkt er ekkert fjallað í lögum félagsins í dag. Þannig er lagt til að stjórnarmenn skulu rækja stjórnarskyldu sína af heilindum, og verja tíma til stjórnarstarfa og taka sjálfstæða ákvarðanir í hverju máli fyrir sig. Með þessu ákvæði kemur fram að

stjórnarmenn skulu vera sjálfstæðir og eins er krafa um þeir skulu gefa sér þann tíma sem þarf til að sinna stjórnarstörfum fyrir VR.

Umræður.

Rætt hvort setja eigi starfsreglur fyrir ráðningu framkvæmdstjóra. Launanevnd falið að koma með tillögur.

Tillögur að lagabreytingum lagðar fyrir fundinn til samþykktar.

Samþykkt samhljóða. Tillögurnar verða lagðar fyrir aðalfund 2023.

Ragnar Þór leggur til að fundur verði framlengur til kl. 21:15.

Samþykkt.

6. Félagsaðild að VR

Fyrir fundinum lá skjalið „Félagsaðild að VR“ sem stjórnarmaðurinn Sigurður Sigfússon lagði fram og kynnti fyrir stjórnarmenn. Um er að ræða hugmynd um eingreiðslu í VR varasjóð einstaklinga sem óska eftir inngöngu í VR og hafa verið félagsmenn í öðru stéttarfélagi til lengri eða skemmri tíma, greitt við inngöngu eða eftir skilgreindan tíma í félaginu.

Umræður.

Verður rætt í samhengi við frekari umræður um VR varasjóð.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 21:10.